

## Innra mat

Til að öðlast nafnbótina **Nýsköpunarskóli** er lögð megináhersla á að sköpun og frumkvöðlavinna með börnum einkenni skólastarfið. Til að ná fram svo sterkri faglegri sýn verður sýn og stefna skólans að vera skýr og borin uppi af skólastjórnendum, starfsfólki, nemendum og foreldrum.

### Skipulag

Í Nýsköpunarskólum er litið á framkvæmd innra mats - og umbætur í kjölfar þess - sem kjarnann í gæða skólastarfi.

Innra mat er sjálfsagður þáttur af skólastarfi, markmið eru skýr og matið fer fram með kerfisbundnum hætti. Á heimasíðu skólans kemur fram skýr og greinargóð lýsing á hvernig innra mati er háttað.

Nýsköpunarskólar nýta gæðaviðmið *Nýsköpunarlykilsins* sem viðmið um árangur með megináherslu á nám og kennslu. Innra mat nýtist til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum skólans hefur verið náð og mátar starfið við viðmið um gæðastarf.

#### Viðmið:

1. Skipulag
  - 1.1. Á heimasíðu er umfjöllun um þær kerfisbundnu aðferðir sem skólinn notar við að meta sitt innra starf.
  - 1.2. Í starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats það skólaárið.
  - 1.3. Markmið nýsköpunarstefnu skólans eru metin markvisst og reglubundið með skipulögðum hætti.
  - 1.4. Þau verkefni/stefnur sem skólinn kennir sig við eru metin kerfisbundið og eru hluti af innra mati skólans<sup>1</sup>.
  - 1.5. Skólinn setur sér markmið um innra mat.
  - 1.6. Langtímaáætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann (3-5 ár) liggur fyrir.
  - 1.7. Langtímaáætlun endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins eru metnir.
  - 1.8. Ítarleg starfsáætlun um innra mat fyrir viðkomandi skólaár liggur fyrir.
  - 1.9. Innra mat er álitnið mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu.
  - 1.10. Innra mat nær með skýrum hætti yfir alla helstu þætti skólastarfsins, nám og kennslu, stjórnun, faglega forystu og mati á aðferðum innra mats.
  - 1.11. Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
  - 1.12. Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, eru hluti af innra matinu.

### Framkvæmd

Áhersla er á mat á námi og kennslu með ígrundun kennara. Nám og kennsla er metið reglulega og er hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda.

Niðurstöður sem aflað er af aðilum utan skólans (Skólapúlsinn, PISA og fl.), eru rýndar, ræddar og nýttar með markvissum hætti til umbóta og skólaþróunar á sama hátt og niðurstöður sem aflað er af aðilum innan skólans. Reglubundið mat fer fram á viðhorfum nemenda, foreldra og starfsmanna um nám, líðan og samskipti í skólasamfélaginu.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum. Teymi með fulltrúum starfsfólks, nemenda og foreldra ber ábyrgð á innra mati ásamt skólastjórn.

<sup>1</sup> Nýsköpunarskóli, Byrjendalæsi, Heilsueflandi skóli, uppeldisstefnur, Umhverfisstefna, Réttindaskóli UNESCO, Jákvæður agi, Barnvænt samfélag eða annað sambærilegt.

Innra matsteymi hefur ákveðið og skipulagt hvernig aflu á gagna og teymið starfar eftir starfsáætlun teymisins. Þegar gagna er afluð, er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á.

Þegar spurningalistar eða aðrar matsaðferðir eru notaðir við gagnaöflun skal gæta fyllsta trúnaðar við þátttakendur og allar persónugreinanlegar upplýsingar úr matsskýrslum og öðrum gögnum sem birt eru skulu fjarlægðar.

Matsframkvæmdin er endurmetin reglulega og reynslan af matinu ígrunduð og skráð.

### Viðmið:

1. Framkvæmd
  - 1.1. Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
  - 1.2. Teymi<sup>2</sup> með fulltrúum allra hagsmunaaðila hefur umsjón með framkvæmd innra mats.
  - 1.3. Innra matsteymi fundar reglulega og fylgir eigin starfsáætlun.
  - 1.4. Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati (s.s. sveitarfélags og ráðuneytis) í innra mati.
  - 1.5. Skólinn nýtir niðurstöður samræmdra könnunarprófa, kannana og skimana með markvissum hætti í innra mati.
  - 1.6. Hagsmunaaðilar skólstarfsins (nemendur, foreldrar, starfsfólk og fulltrúar nærumhverfisins) geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi eða aðkomu skólaráðs).
  - 1.7. Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.
  - 1.8. Innramatsteymið hefur skipulagt og greint frá í starfsáætlun teymisins hvernig fyrirhugað er að afla gagna til að leggja mat á stöðu skólans gagnvart gæðaviðmiðum.
  - 1.9. Reglulega eru endurskoðaðar aðferðir innra mats og lagt mat á hvort endurskoða þurfi matsaðferðirnar.
  - 1.10. Skólinn gerir grein fyrir því hvernig markmið í stefnu skólans eru metin.
  - 1.11. Stefnaviðmið þeirra verkefna og þeirrar skólastefnu sem skólinn kennir sig við eru metin reglulega<sup>3</sup>.
  - 1.12. Skólinn hefur sett sér sérstök markmið um sköpun og skapandi starfshætti með börnum. Þessi markmið eru metin reglulega.
  - 1.13. Reglubundið mat fer fram á viðhorfum nemenda, foreldra og starfsmanna til náms og um líðan og samskipti í skólasamfélaginu.
  - 1.14. Leikir, nám og kennsla eru í stöðugu umbótaferli.
  - 1.15. Nemendur eru virkir þátttakendur í innra mati.
  - 1.16. Mat á framförum nemenda er stöðugt umfjöllunarefni í námsmati nemenda.
  - 1.17. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram reglulega og skipulega, s.s. með mati skólastjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum.
  - 1.18. Skólastjórnendur fylgjast reglubundið með kennslu og nýta gögn til umbóta í samráði við kennara.
  - 1.19. Kennarar fá ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður og gögn til umbóta.
  - 1.20. Stjórnendur sjá um að niðurstöður séu skráðar og aðgengilegar aðilum sem málið varðar.

## Umbætur

Áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf byggja á virku innra mati og öðrum gögnum um árangur skólstarfsins. Að vori liggur fyrir skýrsla um innra mat þar sem matsteymið lýsir framkvæmd á liðnu skólaári, niðurstöðum og fyrirhuguðum umbótum næsta skólaárs. Fram kemur að hve miklu leyti markmið hafa náðst og hvernig staða skólans er gagnvart þeim gæðaviðmiðum sem sveitarfélagið og skólinn hafa sett fram.

<sup>2</sup> Leiðbeiningar um innra mat í grunnskólum; Matsteymi þátttaka í innra mati 2016: bls 9

<sup>3</sup> Meðal annars, Byrjendalæsi, Heilsueflandi skóli, Umhverfisstefna, Réttindaskóli UNESCO, Jákvæður agi, Nýsköpunarskóli, Barnvænt samfélag eða annað sambærilegt.

Matsniðurstöður hafa greinileg áhrif á starfshætti og skólinn getur sýnt fram á umbætur sem raktar eru til innra mats. Niðurstöður innra og ytra mats eru umfjöllunarefni í fundaáætlunum og öllu starfsfólki er kunnugt um að umbætur séu stöðugar og öllum kunnar.

### Viðmið:

2. Umbætur
  - 2.1. Áætlanir um umbætur eru kynntar öllu starfsfólki og skólaráði með formlegum hætti.
  - 2.2. Á hverju vori liggur fyrir skýrsla um innra mat sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.
  - 2.3. Skýrsla um innra mat sýnir á skýran hátt hvernig innramatsteymi telur að staðan á matsþáttunum þremur standi gagnvart þeim viðmiðum sem sett hafa verið.
  - 2.4. Í skýrslu um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og ítarleg lýsing á fyrirhuguðum umbótum.
  - 2.5. Í skýrslu um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst.
  - 2.6. Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir fyrir markmið sem hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.
  - 2.7. Umbótaáætlun er tímasett og í henni skilgreindir ábyrgðaraðilar fyrir umbótunum.
  - 2.8. Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær á að meta árangur aðgerða.
  - 2.9. Tilgreint er í umbótaáætlun hvernig á að meta árangur aðgerða.
  - 2.10. Þegar niðurstöður mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.
  - 2.11. Brugðist er við niðurstöðum innra og ytra mats sem gefa til kynna að úrbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru.